



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006, 468. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Tilfni frumvarpsins eru m.a. ábendingar úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu þingmannanefndar, sem skipuð var í framhaldi af fyrri skýrslunni, um hlutverk háskóla, ábyrgð starfsmanna og almenna þátttöku í samfélags-umræðunni.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að leitað hafi verið eftir sérfræðiráðgjöf frá Rannsóknarstofu um háskóla við skilgreiningu á hlutverki og stjórnskipan háskóla, en stjórnarmenn þeirrar stofnunar eiga sér rætur í störfum innan íslenskra háskóla, einkum Háskóla Íslands. Að mati SA hefði við endurskoðun laganna verið æskilegt að nálgast viðfangsefnið frá víðara sjónarhorni og að álitsgjafarnir séu einsleitir og of tengdir starfsemi Háskóla Íslands. Ástæða hefði verið að horfa út fyrir vegg háskólans og kanna hvernig íslenskum háskólum hefur tekist að þjóna íslensku atvinnulífi og samfélagi.

Samtök atvinnulífsins taka undir ákvæði 1. gr. frumvarpsins að „Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgðar þátttöku í lýðræðissamfélagi.“ Það er ábyrgðarmikið hlutverk og kallar á mikla viðsýni og fjölbreytta þekkingu þegar háskólum er það í sjálfsvald sett að „ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, fyrir nemendur og fyrir framþróun vísinda og tækni“, eins og segir í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Nýmæli í frumvarpinu eru ákvæði um fræðilegt sjálfstæði háskólakennara, sem ætlað er að tryggja að þeir hafi sjálfstæði og frelsi til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt, án afskipta utanaðkomandi aðila“. Á vettvangi Samtaka atvinnulífsins hafa verið uppi háværar raddir atvinnurekenda, ekki síst þeirra sem hafa unnið að nýsköpun og uppbyggingu sprotafyrirtækja, að erfitt sé að nálgast Háskóla Íslands, skólinn sé tregur til þátttöku í samstarfsverkefnum með fyrirtækjum, erfitt hafi reynst að fá sérmenntað fólk til starfa í mörgum greinum á sama tíma og offramboð er í öðrum. Tæknimenntun er ábótavant og nær ekki að mæta þeim kröfum og þörfum um hagnýtingu örrar tækniþróunar þannig að íslensk fyrirtæki standist alþjóðlega samkeppni. Það hlýtur að vera eitt af megin hlutverkum háskóla að starfa í góðum tengslum við atvinnulífið og þær áherslur sem í frumvarpinu felast ganga í þveröfuga átt. Samtök atvinnulífsins leggja gegn lagasetningu sem miðar að því að háskólar geti lifað sínu eigin lífi óháð þeim hræringum sem eru í samfélaginu utan veggja þeirra.



Ísland er lítið samfélag þar sem takast þarf á við flest viðfangsefni stærri samfélaga. Fjölbreytni í menntun er samfélaginu mikilvæg og þróun menntunar, atvinnulífs og samfélags haldast í hendur. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að lög um háskóla taki m.a. mið af mikilvægi samstarfs fræðasamfélagsins og atvinnulífsins, bæði á sviði kennslu og rannsókna.

Þannig telja SA mikilvægt að við ráðningu prófessora og dósentna við háskóla sé m.a. lítið til þess árangurs sem viðkomandi hefur náð á sínu sviði í atvinnurekstri.

Í frumvarpinu er lagt til að 3. másl. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga orðist svo: „Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti *með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi*.“ Skáletraði hlutinn er viðbótin skv. frumvarpinu. Samtökin telja þessa tillögu ekki til bóta og að nauðsynlegt sé að innviðir og staðan séu styrkt með hagsmuni samtímans að leiðarljósi. Merking viðbótarinnar er óljós og hugsanleg vafamál henni tengd kunna að verða starfi háskólanna til trafala í framtíðinni. Því er lagst gegn þessari tillögu.

Í c-lið 10. gr. frumvarpsins er rektor háskóla ætlað að vera formaður háskólaráðs og jafnframt að uppfylla kröfur til að bera starfsheitið dósent eða prófessor á einu eða fleiri viðurkenndum fræðasviðum viðkomandi háskóla. SA vekja athygli á að háskólar geta verið hvort heldur sjálfstæðir eða opinberir. Í sjálfstæðum háskólum verður t.d. að gera greinarmun á rekstrarlegri ábyrgð og faglegri ábyrgð. Með framangreindu ákvæði er þessu blandað saman og hlutverk og starfsskyldur rektors þrengdar um of.

Í a-lið 12. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, að starfsmenn háskóla við kennslu og rannsóknir, sem bera stöðuheitið prófessor, dósent, lektor eða sérfræðingur skuli hafa lokið doktorsprófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu á sínu fræðasviði. SA leggja áherslu á mikilvægi þess að sérfræðingar sem getið hafa sér gott orð við störf í atvinnulífinu eigi þess kost að starfa við kennslu og rannsóknir undir nafni háskóla án þess að hafa doktorsprófgráðu. Það á ekki að þurfa að teljast til undantekningar.

Að lokum vilja Samtök atvinnulífsins vara við of mikilli miðstýringu innan háskóla. Hún getur verið „lifandi“ háskólum hættuleg, hamlað frumkvæði og dregið úr hraða nauðsynlegra breytinga. Leggja ber áherslu á sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Form sjálfseignarstofnunar getur t.d. hentað að mörgu leyti fyrir rekstur háskólastofnana eða deildir háskóla þar sem starfsemin og fjármögnun hennar er römmuð inn í þjónustusamning við viðkomandi stjórnvöld. Lög um háskóla mega ekki þrengja um of að þessu rekstrarformi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins